

báðum dómum virðist eptir atvikum eiga að falla niður, en hinum skipaða talsmanni áfrýjanda ber að greiða í málflytningu 10 kr. af almanna fje.

Að því leyti mál þetta fyrir landesyfirdóminum hefur verið sókt með gjafsókn, vottast, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

**Því dæmist rjett að vera :**

Hinn áfrýjaði dómur á ómerkur að vera og vísast málinu frá undirrjetti. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Málflytningu til hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi, málflytningu Franz Siemens, greiddist af almanna fje með 10 krónum.

Nr. 2/1886

Sigurður Andrjesson kirkjuhaldari  
gegn  
Birni gullsmið Árnasyni.

**D ó m u r :**

Eptir að lögtak hafði verið gjört hjá hinum stefnda, Birni gullsmið Árnasyni, fyrir heilum ljóstolli til Eyrarkirkju á Ísafirði, höfðaði hann fyrir aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar mál til aptursóknar á hinu lögteknna gjaldi, og var þarnaest með dómi, uppkveðnum þann 11. novbr. 1885, kirkjuhaldara Sigurði Andrjessyni gjört að skyldu að greiða aptur hið lögteknna gjald, alls 3 kr. 85 a., en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefur nú áfrýjandinn skotið til yfirdómsins og farið því fram, að hinn áfrýjaði dómur

verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá undir-  
rjettinum, en hinn stefndi skyldaður til að greiða  
málskostnað fyrir báðum rjettum, eins og málið eigi  
væri rekið með gjafsókn. Sem ástæðu til þessa hef-  
ur áfrýjandinn talið, að lögtakið hafi verið gjört 5.  
maí 1885, en fyrirkall sáttanefndarinnar á kæru  
stefnda, dags. 4. ágúst s. á., sje fyrst gefið út af  
henni þann 2. septbr. s. á., og sje því málsóknin  
eigi byrjuð innan 3ja mánaða.

Hinn stefndi þar á móti hefur krafzt þess, að  
hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sjer dæmdur  
málskostnaður fyrir báðum rjettum.

Opið brjef 2. apríl 1841, 5. gr. kveður svo á, að  
málsókn útaf lögtaki skuli höfða, að undangenginni  
kæru til sáttanefndar, innan 3 mánaða frá því lög-  
takið var gjört.

Að vísu er kærán til sáttanefndarinnar í þessu máli  
dagsett 4. ágústmán. eða rjettum 3 mánuðum eptir  
að lögtaksgjörðin fór fram, en fyrirkall til málsaðila  
er ekki gefið út fyr en 2. septbr. næstan eptir, og  
er málsókninni því ekki haldið fram nógu tímanlega  
eptir ákvæðum nýnefnds opins prjefs 5. gr. — Ber  
því að dæma hinn áfrýjaða dóm ómerkan og málinu  
að vísa frá undirrjetti. Málskostnaður fyrir báðum  
rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður, en  
til hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi  
ber að greiða í máflutningslaun 10 kr. af al-  
manna fje.

Að því leyti þetta mál hefur hjer fyrir rjettinum  
verið sókt með gjafsókn, vottast, að málsfærslan  
hefur verið lögmæt.



Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi dómur á ómerkur að vera og visast málinu frá undirrjetti. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Málflutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi, málaflutnigsmanns Franz Siemens, greiðist af almanna fje með 10 krónum. —

Mánudaginn 21. júnímán.

Nr. 6/1886

Fyrrum alþingismaður  
Egilsson

gegn  
skraddara Elisen.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar 26. nóvbr. f. á., var fyrrum alþingismaður Egilsson dæmdur til að greiða skraddara Elisen skuld, að upphæð 44 kr. 25 a. og 5<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vexti af henni frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Egilsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dagsettri 10 marz þ. á., og krafizt fyrst og fremst, að málinu verði frávísað og honum dæmt hæfilegt í kost og tæring, og mótparturinn sektaður fyrir óþarfa þrætu, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum mótpartsins, en mótparturinn dæmdur í hæfilegan málskostnað og sektaður fyrir óþarfa þrætu.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur